

Föstudagurinn 16. febrúar 1996 kl. 14:00

69. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 7/1996

Auglýsing Brimborgar hf.

I.

Erindið og málsmeðferð

Laugardaginn 13. janúar 1996 birtist auglýsing í DV frá Brimborg hf. Í auglýsingunni sagði m.a. um bifreiðategundina Ford Escort:

„Mest seldi bíll á Íslandi 1996“*

Neðanmáls til skýringar á fullyrðingunni segir:

„ Árið 1996 byrjar mjög vel og er Ford Escort mest seldi bíll sem af er árinu (skv. nýskráningum Bifreiðaskoðunar Íslands 1. – 12. jan. '96) og má því búast við að Ford blandi sér í toppbaráttuna 1996.“*

Samkeppnisstofnun barst kvörtun yfir auglýsingunni frá keppinauti og í bréfi stofnunarinnar til Brimborgar, dags. 26. janúar 1996, segir m.a.:

„Á fundi auglýsinganefndar Samkeppnisráðs, sem haldinn var 24. janúar 1996, var það mat lagt á auglýsinguna að hún væri villandi og bryti gegn 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, þar sem hún vísar til tímabils (ársins 1996), sem er rétt hafð, og gefur í skyn niðurstöður fyrir tímabilið, sem langt er frá að liggi fyrir. Samkeppnisstofnun beinir þeim tilmælum til yðar að framvegis verði ekki auglýst með framangreindum hætti.“

Í svari Brimborgar til Samkeppnisstofnunar, dags. 29. janúar 1996, kemur fram að fyrirtækið muni ekki verða við tilmælum stofnunarinnar um að hætta að auglýsa með þessum hætti. Í svarinu segir m.a.:

*„Það kemur mjög skýrt fram bæði með því að * merkja fyrirsögnina og svo kemur skýrt fram í megintexta, ekki litlum undirmálstexta, að um sé að ræða þá daga sem liðnir eru af árinu.*

Einnig birtist auglýsingin þann 13. 1. og má ætla að lesendur viti að þeir séu að lesa tölublað sem kemur út þann 13. og því geti ekki verið um lengra tímabil að ræða.

Því getur undirritaður ekki orðið við tilmælum Samkeppnisstofnunar nema stofnunin færi frekari rök fyrir ákvörðun sinni.“

II. Lagaumhverfi

Í 21. gr. samkeppnislaga segir m.a.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Þess má einnig geta að samkvæmt túlkun samkeppnisyfirvalda á 21. gr. samkeppnislaga eru auglýsingar með lýsingarorði í efsta stigi óheimilar nema auglýsandi geti fært sönnur á fullyrðingar sínar með auðveldum hætti.

III. Tillaga auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, þann 7. febrúar 1996, þar sem auglýsing Brimborgar var m.a. til umræðu kom fram að fyrirsögn auglýsingarinnar gefi neytendum til kynna að bíllinn verði mest seldur á árinu 1996. Ákveðið var að leggja til við Samkeppnisráð að Brimborg hf. verði bannað, með vísan til 21. og 51. gr. samkeppnislaga, að auglýsa Ford Escort sem mest selda bíllinn á Íslandi árið 1996 þar til óyggjandi sölutölur liggi fyrir um árið í heild.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Brimborg hf., Faxafeni 8, Reykjavík, að auglýsa að Ford Escort sé mest seldi bíll á Íslandi árið 1996 þar til sölu-tölur ársins liggja fyrir og fullyrðingin hefur verið sönnuð.

Bannið tekur gildi við birtingu.“